

AUGLÝSING**varðandi gin- og klaufaveiki.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 11/1928, um varnir gegn gin- og klaufaveiki, sbr. lög nr. 124/1947, er fyrst um sinn lagt bann við því að nota aðfengnar matarleifar og sláturafurðir hvers konar til gripafóðurs.

Brot gegn banni þessu varða sektum.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. marz 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 77.

8. marz 1966.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Að fengnum tillögum borgarstjórnar Reykjavíkur hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð, samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958.

- I. Bifreiðastöður hafa verið bannaðar á Hallarmúla, austanmegin götunnar og á Freyjugötu að norðaustanverðu frá barnaleikvöllinum að Njarðargötu.
- II. Hægri beygja hefur verið bönnuð úr Laugarnesvegi til vesturs í Laugaveg.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. marz 1966.

Sigurjón Sigurðsson.

Nr. 78.

8. marz 1966.

AUGLÝSING**um umferðartakmarkanir í Ísafjarðarkaupstað.**

Samkvæmt gerðri samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar og ákvörðun bæjarfógeta eftir heimild í 65. grein umferðarlaga er ákveðið:

Einstefnuakstur:

Eyrargata frá Túngötu að akbraut til Fjórðungssjúkrahúss.

Biðskylda:

Á gatnamótum Eyrargötu/Túngötu frá Hlíðarvegi skal vera biðskylda.

Umferðarmerkjum verður komið upp í samræmi við þessa auglýsingu.

Bæjarfógetinn á Ísafirði, 8. marz 1966.

Jóh. Gunnar Ólafsson.